



LESTRAR- RÁÐ



Skólaskrifstofa
Austurlands

Unnið úr REDING
ROCKETShttp://www.rea
dingrockets.org/

Lestrarráð fyrir foreldra 2ja ára barna



Það er aldrei of snemmt að byrja að lesa fyrir barnið. Um leið og barnið kemur í heiminn, byrjar það að læra. Á meðan foreldrar tala-, leika við og hugsa um barnið í daglegum athöfnum, eru þeir að leggja drög að þróun tungumálsins og síðar lestrarfærni þess. Á meðan foreldrar lesa fyrir barnið eru þeir að leggja grunn að lestraráhuga þess.

Eftirfarandi ráð geta hjálpað barninu þínu að nálgast lesturinn á jákvæðan hátt. Prófið nýtt verkefni í hverri viku og sjáið hvað barnið ræður við. Ef barnið er ekki tilbúið í ákveðið verkefni, geymið það, þar til þroski þess kemst á viðkomandi stig.

“Hjúfrið” ykkur með barn og bók”

Það er notalegt að sitja með barnið og bók í fanginu. Barnið nýtur nærveru foreldris og að heyra málrómi þess um leið og það les. Barnið er öruggt og líður vel. Með þessari samverustund leggja foreldra grunn að orðaforða og lestraráhuga barnsins.

Veljið bækur af kostgæfni

Veljið bækur með skýrum og góðum myndum, börn eiga auðveldara að fylgjast með og blaðsíðurnar grípa frekar athygli þeirra. Auðveldara er fyrir smábörn að handfjatla bækur úr kartoni eða plasti t.d. að fletta þeim.

Hafið bækur sýnilegar - þar sem barnið getur nálgast þær

Geymið bækurnar með leikföngunum, barnið getur þá nálgast þær alveg eins og dótið. Börn leika með bækur eins og aðra hluti, handfjatla og stinga í munninn. Gætið þess bara að bækurnar séu úr plasti eða kartoni.

Talaðu við barnið..... daginn út og inn

Ræddu um allar athafnir í dagsins önn; talaðu um veðrið, hvaða epli þú velur í búðinni, hvenær amma kemur í heimsókn. Talaðu um myndirnar í bókinni eða hluti sem verða á vegi ykkar úti. Spyrðu spurning. Á meðan barnið hlustar, lærir það orð, hugmyndir og reglur tungumálsins.

Styðjið við hljóðmyndun barnsins

Samskipti leggja grunn að samræðum. Barnið hermir eftir hljóðum foreldra, því meira sem barnið æfir hljóðin því betri verður það að mynda og búa til skýr orð. Hvettu barnið til að endurtaka hljóð og orð, leiktu kusu (mu), hund (voff) og hænu (gaggalagú)☺

Leiddu barnið

Styðjið og hvetjið barnið til að skoða umhverfi sitt. Taka upp hluti og skoða, snerta nebbann og tásurnar (og endurtaka orðin), benda á myndir (segja orðin) og grípa hluti. Þetta styrkir orðaforða og fínhyrfingar þeirra til að geta flett bókum síðar á lífsleiðinni.

Daglegar venjur- Lestur

Gott skipulag og daglegar venjur auka öryggiskennd barnsins. Barnið á líka auðveldara með að vita hvað gerist næst. Það hjálpar barninu við að byggja upp "forspá" um hluti, sem það nýtir, þegar það heyrir eða les bækur síðar á lífsleiðinni.

Syngja - lesa - endurtaka

Lesið uppáhaldssögurnar og syngið uppáhaldssöngvana **aftur og aftur**. Endurtekin "gleði" við lestur eða söng styrkir orðaforðann og málproskann og jákvæða upplifun af lestri.

"Lestu í barnið"

Taktu eftir því hvernig barnið bregst við þegar þú lest fyrir það. Ef barnið hefur lítið úthald eða sýnir ekki áhuga stoppaðu og veldu aðra bók eða annan tíma til lestursins.

GANGI YKKUR VEL:)

